

51. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum Lundarseli 5. nóvember 2014 kl. 20.00

Mættir: Þorberg og Svala.

1. Framkvæmdir hverfisnefndar vegna umhverfisátaks

Ræddum nýafstaðinn fund með Elíasi skólustjóra Lundarskóla og Jóhannesi hjá fasteignum vegna umhverfisátaks hverfisnefndar varðandi Lundarskólalóðina.

- Bekkir með áföstum borðum er komið við Lundarskóla.
- Blakvöllur og allt tengt honum ætti að klárast fljótlega; færa stangir, laga netið og setja ramma með neti fyrir framan girðingu.
- Körfuboltavöllur; kaupa tvær körfur og allt sem þeim tilheyrir, verður svo sett upp í vor þegar skúrar á lóðinni fara, frágangur við körfuboltavöll verður þá kláraður.
- Ræddum mölina vestan við Lundarskóla, svæðið býður upp á skemmtilegt útivistarsvæði, jafnvel með grasþökum (þar sem mölin er) sem nær þá alveg að malbikuðu stéttinni meðfram skólanum). Í framhaldi ræddum við um grillaðstöðu á túninu. Hverfisnefndin getur þá komið inn í það mál. Keypt grillhús og skoðað möguleika með grillin.
- Veltum einnig upp hugmyndum hvað gæti komið í staðinn fyrir leiðinda möl sem er undir og kringum rólur á svæðinu.

Nefndin ræðst í að kanna grillhús og grill og spá í frekara umhverfisátak í hverfinu fyrir næstkomandi ár.

2. Aðalfundur

Stefnum á að hafa aðalfund í Lundarskóla 27. nóvember kl. 20.00 Nefndin verður í sambandi við Markús húsvörð Lundarskóla til að festa tímann og senda svo auglýsingu í dagskrána og N4.

3. Hverfisnefnd/íbúar á facebook

Höfum mikið velt fyrir okkur leiðum til að ná til íbúa hverfisins án þess að ganga í hús með dreifibréf. Hugmynd að facebook hóp íbúa hverfisins hefur verið í mótun hjá okkur undanfarnar vikur. Ákváðum að drífa í að stofna hópinn og geta þá auglýst hann um leið og aðalfundinn. Erum vongóð um að ná til sem flestra heimila. Megintilgangur með hópnum er sá að íbúar geti komið með ábendingar og haft skoðanaskipti um ýmis svæði sem t.d. þarfnast úrbóta eða rætt önnur málefni er varða hverfið og íbúa þess. Að auki er þá auðvelt að ná til nefndarinnar ef þörf er á.

4. Önnur Mál

- a) Höfum fengið ábendingar þess efnis að það vanti lýsingu við gangstétt ofan Eikarlundar. Þessi gangstígur er mikið notaður og því ber að hafa lýsingu við hann. Einnig þarf að bæta við kösturum neðst við jólasveinabrekku til að lýsa svæðið betur upp. Núna er einn kastari efst í brekkunni en ýmsum finnst það ekki nóg og tökum við undir það. Við teljum mjög mikilvægt að setja lýsingu við gangstéttina ofan Eikarlundar, alveg frá upphafi stéttar við Þingvallastræti að hringtorgi Miðhúsabrautar og Dalsbrautar og þá er mögulegt að setja kastara á ljósastaura til móts við jólasveinabrekku.

- b) Mikilvægt er að setja upp tvö skilti á Þingvallastræti (báðar akstursáttir) þar sem fram kemur hvar Lundarskóli er. Það eru ekki allir að átta sig á hvar þeir komast að Lundarskóla og teljum við það til bóta að setja upp skilti á Þingvallastræti. Fólk er stundum að reyna að komast að Lundarskóla út frá Hjallalundi og Hlíðarlundi þar sem Lundarsel stendur. Spurning hvort það mætti líka setja slík skilti við Skógarlund áður en komið er að hringtorgi Dalsbrautar.
- c) Gangbraut yfir Dalsbraut sunnan Skógarlunda er mjög hættuleg. Þarna erum við að tala um gangbraut sem kemur út frá stíg meðfram Grenilundi 17-19. Mönin bæði við Grenilund og Háalund er allt of nálæg gangbraut og skyggir því mikið á. Gangandi/hjólandi vegfarendur sjást því allt of seint. Einnig er brekka niður að gangbraut Grenilunda megin sem er stórhættuleg því oft eru jú börn á hjóli og átta sig ekki á brekkunni og renna beint út á götu. Þarna teljum við tímaspursmál hvenær verður slys. Einnig ætti að hafa blikkandi gangbrautarljós til að vekja meiri athygli á að þarna sé gangbraut. Þarna þarf sem sagt að stytta manir beggja megin, taka þessa brekku við Grenilund og setja blikkandi gangbrautarljós. Við höfum fengið ítrekaðar ábendingar út af þessari gangbraut.

Munum senda formlegar beiðnir til þeirra deildar er málið varðar gagnvart þessum þremur atriðum.

Fundi slitið kl. 22.00
Fundargerð ritaði,
Svala Björnsdóttir